

Föstudagur, 15. nóvember 2002

190. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 34/2002

**Athugun á verðlagningu Línu.Nets ehf. í samningi fyrirtækisins og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um sk. skólanet**

**I.  
Málavextir**

Með bréfi, dags. 5. september 2000, kvartaði Landssími Íslands hf. (hér eftir Landssíminn) til Samkeppnisstofnunar yfir samningi Línu.Nets og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um s.k. skólanet, þ.e. ljósleiðarahring milli 27 skóla og örbylgjutengingar í fimm sérskóla. Fræðslumiðstöðin óskaði eftir tilboðum þriggja fyrirtækja, Landssímans, Skýrr hf. og Línu.Nets, í verkið. Á grundvelli þessara tilboða var gengið til samninga við Línu.Net. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001, *Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Línu.Nets ehf.* taldi ráðið ekki ástæðu til að hafast að í málinu.

Landssíminn kærði ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála með bréfi, dags. 30. mars 2001. Í úrskurði nefndarinnar nr. 12/2001 *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði* segir m.a.:

*„Áfrýjandi telur ákvörðun samkeppnisráðs vera haldna verulegum annmarka þar sem ráðið hafi ekki fjallað um þá málsástæðu að samningur Fræðslumiðstöðvarinnar og Línu.Nets hf. feli í sér sjálfstætt brot á 20. gr. samkeppnislaga af þeim sökum að um undirverðlagningu á þjónustu hafi verið að ræða. Skjöl máls þessa sýna að slík rök voru höfð uppi fyrir samkeppnisráði. Engu að síður voru þau ekki tekin til sérstakrar meðferðar og úrlausnar.*

*Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að ekki sé útilokað að málsástæða sem að þessu lýtur geti falið í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum, einkum 20. gr. þeirra. Því er rétt að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi að því er þetta atriði varðar og fela samkeppnisráði að rannsaka og taka afstöðu til þessarar málsástæðu.“*

Úrskurður áfrýjunarnefndar var eftirfarandi:

*„Samkeppnisráði ber að kanna réttmæti fyrrgreindrar málsástæðu um undirverðlagningu og hvort hún kunni að fela í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum.“*

Að öðru leyti var ákvörðun samkeppnisráðs staðfest. Á grundvelli þessa hóf Samkeppnisstofnun rannsókn á því hvort um sjálfstætt brot Línu.Nets gegn 20. gr. samkeppnislaga hafi verið að ræða þegar fyrirtækið gerði samning við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um skólanetið.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Með bréfi til Línu.Nets, dags. 24. janúar 2002, óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum um samninginn sem gerður var við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um skólanet. Einkum var óskað eftir kostnaðarlegri sundurgreiningu vegna skólanetsins en jafnframt var óskað upplýsinga um svipaða samninga sem Lína.Net hefur gert.

Umsögn Línu.Nets barst með bréfi frá Hróbjarti Jónatanssyni hrl., dags. 5. mars 2002. Í umsögn sinni hafnar Lína.Net því að um undirverðlagningu sé að ræða af hálfu fyrirtækisins. Jafnframt er því hafnað að um brot fyrirtækisins gegn 20. gr. samkeppnislaga sé að ræða. Verðlagning Línu.Nets á skólanetinu hafi verið byggð á rekstrarlegum forsendum og því fullkomlega eðlileg enda leyfi efnahagur fyrirtækisins ekki aðra viðskiptastefnu. Á þeim tíma sem samningurinn var gerður hafi ekki verið í gildi sérstök verðskrá hjá Línu.Neti en samningurinn við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og tilboðið í skólanetið hafi verið gert á grundvelli markaðsaðstæðna, umfangs og annarra atvika. Í umsögn Línu.Nets eru að lokum nefnd dæmi um svipaða samninga og kostnaður Línu.Nets vegna skólanetsins sundurgreindur og farið fram á trúnað vegna þeirra upplýsinga.

#### **2.**

Með bréfum, dags. 20. mars og 10. apríl 2002, óskaði Samkeppnisstofnun eftir athugasemdum Landssímans um bréf Línu.Nets.

Athugasemdir Landssímans bárust með bréfi, dags. 11. apríl. Í þeim kemur fram að þar sem Lína.Net hafi ekki haft í gildi sérstaka verðskrá þegar samningurinn var gerður hafi fyrirtækið gerst brotlegt við 20. og 21. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Varðandi upplýsingagjöf Línu.Nets telur Landssíminn að fyrirtækið geti, af augljósum ástæðum, ekki tjáð sig um hana þar sem farið er með upplýsingarnar sem trúnaðarmál. Þrátt fyrir þetta bendi sá hluti svars Línu.Nets sem Landssímanum er aðgengilegur til þess að Lína.Net hafi ekki svarað fyrirspurn

Samkeppnisstofnunar og því verði stofnunin að beita þeim úrræðum sem hún hefur til þess að knýja fram nauðsynlegar upplýsingar. Að öðru leyti vísar Landssíminn til kæru fyrirtækisins fyrir áfrýjunarnefnd.

### 3.

Með bréfum, dags. 18. júní 2002, til Landssímans, Línu.Nets, Fjarska ehf., eMax ehf. og Íslandssíma hf. óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum frá fyrirtækjunum um starfsemi þeirra, rekstrartekjur o.fl. Samkeppnisstofnun óskaði jafnframt eftir athugasemdum frá Línu.Neti um umsögn Landssímans og frekari upplýsingum um samning fyrirtækisins við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur með bréfi, dags. 19. júní 2002.

Athugasemdir Línu.Nets bárust með bréfi, dags. 26. ágúst 2002. Í því komu fram upplýsingar um aðra samninga Línu.Nets um ljósleiðaratengingar og endanlegur raunkostnaður við skólanetið og uppbyggingu þess.

Upplýsingar frá fyrirtækjunum bárust með bréfum, dags. 2. júlí frá Fjarska, 8. júlí frá eMax, Íslandssíma og Landssímanum og 17. júlí frá Línu.Neti.

Með bréfi Landssímans fylgdu jafnframt athugasemdir Landssímans við gagnaöflun Samkeppnisstofnunar og skilgreiningu markaðarins í málinu. Landssíminn telur að markaður fyrir gagnaflutningsþjónustu sé margbrotnari og flóknari en aðrir markaðir fyrir fjarskiptaþjónustu. Upplýsingaöflun Samkeppnisstofnunar feli í sér of mikla einföldun. Þessu til stuðnings er vísað til gagna frá framkvæmdastjórn ESB. Þannig sé rétt að skipta upp gagnaflutningsmarkaði eftir þeim tegundum þjónustu sem í boði eru. Jafnframt telur Landssíminn að skipta beri upp markaði fyrir gagnaflutningsþjónustu landfræðilega. Þannig sé samkeppnin á höfuðborgarsvæðinu mikil, en á landsbyggðinni starfi aðeins Landssíminn. Akureyri sé eina undantekningin hvað þetta varðar.

Samkeppnisstofnun fundaði jafnframt með Landssímanum þann 22. ágúst 2002. Á þeim fundi skýrði Landssíminn m.a. nánar frá markaðsskilgreiningu sinni. Afrit af fundargerð var send Línu.Neti og óskað athugasemda. Engar athugasemdir bárust.

### 4.

Aðilum máls var með bréfi, dags. 30. október 2002, tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og að málið yrði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar. Jafnframt var aðilum sendur listi yfir gögn málsins.

### III.

#### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 15. nóvember 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

##### Markmið rannsóknarinnar

Með vísan til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2001 er markmið þessarar rannsóknar að kanna hvort um brot Línu.Nets gegn 20. gr. samkeppnislaga hafi verið að ræða þegar fyrirtækið samdi við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um s.k. skólanet. Nánar til tekið beinist könnun samkeppnisráðs að því hvort Lína.Net hafi verðlagt þjónustu sína undir kostnaðarverði og hvort sú verðlagning hafi verið skaðleg samkeppni á markaðnum.

#### 2.

##### Skilgreining markaða

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum. Eins og fram hefur komið staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001 að öðru leyti en því sem varðar rannsókn á hugsanlegu broti Línu.Nets gegn 20. gr. samkeppnislaga. Í athugasemdum sínum hefur Landssíminn lagt til aðra skilgreiningu á markaðnum í máli þessu en gert var í fyrrgreindri ákvörðun nr. 7/2001 og mun samkeppnisráð fyrst taka afstöðu til þess hvort eðlilegt sé að byggt verði á sömu markaðsskilgreiningu eða hvort ástæða sé til að skipta markaðnum upp frekar.

##### 2.1. Þjónustumarkaðurinn

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001 var markaðurinn skilgreindur sem veiting alhliða gagnaflutningsþjónustu. Ekki var talið nauðsynlegt að afmarka markaðinn miðað við eðli flutningskerfa, flutningsgetu eða bandbreidd. Þessi skilgreining var einkum rökstudd með því að Landssíminn og Lína.Net álitu sig vera keppinauta á markaði og því væri rétt að miða markaðinn við þau fyrirtæki sem teldu sig geta uppfyllt þarfir Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Notagildi gagnaflutningslausna fyrirtækjanna var einnig talið sambærilegt að því leyti að fyrirtækin töldu sig geta þjónað sömu viðskiptavinum og uppfyllt gagnaflutningsþarfir þeirra þrátt fyrir að mismunandi flutningsmiðlar væru notaðir. Meðal annars var talið að í þessum markaði fælust einkum sérsniðnar fjarskiptalausnir fyrir stofnanir og fyrirtæki.<sup>1</sup> Eins

<sup>1</sup> Þetta er einnig í samræmi við réttarframkvæmd framkvæmdastjórnar ESB, sbr. markaðsskilgreiningu í ákvörðun nr. 96/546, Atlas/GlobalOne [1996] OJ L 239/23 og 57. Sjá einnig umfjöllun í Pierre Larouche, *Competition Law and Regulation in European telecommunications* [2000], bls. 140-164.

og áður hefur komið fram hefur Landssíminn lagt til að markaðurinn verði skilgreindur á annan hátt. Í tillögum Landssímans felst í raun að markaðurinn fyrir gagnaflutningsþjónustu verði sundurgreindur frekar og staða fjarskiptafyrirtækja á einstökum þjónustumörkuðum verði lögð til grundvallar. Samkeppnisráð telur í máli þessu ekki nauðsynlegt að skilgreina markaðinn á annan hátt en þann sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti með úrskurði sínum nr. 12/2001. Athugun sú sem hér er til umfjöllunar lýtur eingöngu að 20. gr. samkeppnislaga sem er viðskiptasiðferðislegs eðlis. Í henni er lagt bann við háttsemi sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti. Í 11. gr. samkeppnislaga er hins vegar lagt bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Ljóst er því að grundvallarmunur er á reglum 11. og 20. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er ljóst að greinarnar gera mismunandi kröfur til samkeppnisyfirvalda um fyrirliggjandi gögn þegar taka skal ákvörðun á grundvelli þeirra. Þannig gerir 11. gr. kröfu um að staða fyrirtækja á markaði liggi fyrir, áður en ákvörðun er tekin á grundvelli hennar, þar sem ljóst þarf að vera hvort fyrirtæki er markaðsráðandi eða ekki. Ein algengasta aðferð til þess að mæla stöðu fyrirtækis á markaði er markaðshlutdeild þess. Í málum er varða 20. gr. samkeppnislaga er hins vegar ekki gerð krafa um að markaðshlutdeild fyrirtækis sé þekkt þar sem greinin tekur til háttsemi fyrirtækja með vísan til viðskiptasiðferðilegra sjónarmiða. Í 11. gr. samkeppnislaga er m.a. lagt bann við skaðlegri undirverðlagningu (e. *predatory pricing*) markaðsráðandi fyrirtækja. Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/1998 *Samtök Iðnaðarins gegn samkeppnisráði* kemur hins vegar fram það mat að í undantekningartilvikum sé unnt að beita 20. gr. þegar fyrirtæki, sem ekki er í markaðsráðandi stöðu, beitir undirverðlagningu. Í úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 12/2002 *Sementsverksmiðjan hf. gegn samkeppnisráði* er þessi regla skýrð frekar. Samkeppnisráð telur, með vísan til þess að mál þetta beinist að hugsanlegu broti Línu.Nets gegn 20. gr. samkeppnislaga, að ekki sé nauðsynlegt að skipta gagnaflutningsmarkaði upp eftir þeirri þjónustu sem í boði er.

## 2.2. Landfræðilegi markaðurinn

Landfræðilegur markaður í samkeppnisrétti er almennt skilgreindur sem það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í viðskiptum með vörur eða þjónustu og samkeppnisaðstæður eru svo líkar innbyrðis að hægt er að greina markaðinn frá nærliggjandi svæðum. Í málum er varða fjarskiptamarkaðinn er almennt talið að landfræðilegi markaðurinn sé það svæði sem viðkomandi fyrirtæki geta veitt þjónustu sína.<sup>2</sup> Ástæðan fyrir þessu er einkum sú að fjarskiptamarkaðurinn einkennist af því að vera byggður á fjarskiptanetum. Þess vegna er mikilvægt að athuga hversu langt net keppinauta ná landfræðilega (e. *actual network reach*) þar sem fjarskiptafyrirtæki

---

<sup>2</sup> Sjá *Notice on the application of EEC competition rules to access agreements in the telecommunications sector* OJ C 265/2, 22. ágúst 1998. Í lið 55 er landfræðilegi markaðurinn í fjarskiptamálum skilgreindur á eftirfarandi hátt: „[...] the relevant geographical market will be the area in which the objective conditions of competition applying to service providers are similar, and competitors are able to offer their services.“

getur aðeins veitt þeim viðskiptavinum þjónustu sína sem eru innan fjarskiptanets þess.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001 var hinn landfræðilegi markaður skilgreindur sem a.m.k. höfuðborgarsvæðið. Var sú skilgreining rökstudd með því að þar veita málsaðilar öflugustu gagnaflutningsþjónustuna og þar eru helstu keppinautar og viðskiptavinir. Eins og áður hefur komið fram hefur Landssíminn einnig lagt til í athugasemdum sínum að hinn landfræðilegi markaður verði skilgreindur sem höfuðborgarsvæðið. Í ljósi þessa verður því byggt á sömu landfræðilegu afmörkun markaðarins og í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001. Landfræðilegi markaðurinn í máli þessu er því höfuðborgarsvæðið.

### 3.

#### Aðilar á markaði og staða þeirra

Þau fyrirtæki sem veita gagnaflutningsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eru Landssíminn, Lína.Net, Íslandssími og eMax. Ef bornar eru saman upplýsingar sem bárust frá fyrirtækjunum varðandi tekjuöflun fyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu kemur eftirfarandi í ljós:<sup>3</sup>

	Heildartekjur árið 2000	Tekjur vegna gagnaflutninga	Heildartekjur árið 2001	Tekjur vegna gagnaflutninga
Landssími Íslands	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Íslandssími	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Lína.Net	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
EMax	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Samtals:	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Hlutdeild miðuð við rekstrartekjur:	m.v. heildartekjur árið 2000	m.v. tekjur vegna gagnaflutninga	m.v. heildartekjur árið 2001	m.v. tekjur vegna gagnaflutninga
Landssími Íslands	[...] %	[65-75] %	[...] %	[50-60] %
Íslandssími	[...] %	[5-15] %	[...] %	[5-15] %
Lína.Net	[...] %	[10-20] %	[...] %	[30-40] %
EMax	[...] %	[0-5] %	[...] %	[0-5] %
Samtals:	100%	100%	100%	100%

Ef bornar eru saman upplýsingar sem bárust frá fyrirtækjunum varðandi fjölda viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu kemur eftirfarandi í ljós:<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

	Hlutdeild m.v. heildar	
	Fjöldi viðskiptavina	Fjöldi viðskiptavina
Landssími Íslands	[...]	[70-80]%
Íslandssími	[...]	[10-20]%
Lína.Net	[...]	[0-5]%
Fjarski	[...]	[0-5]%
eMax ehf.	[...]	[0-5]%
Samtals:	[...]	100%

Í ljósi framangreindra gagna telur samkeppnisráð ljóst að Lína.Net er ekki ráðandi á markaði fyrir alhliða gagnaflutningsþjónustu.

#### 4.

##### Mat samkeppniráðs

Eins og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2001 beinist rannsókn þessa máls að því hvort Lína.Net hafi beitt undirverðlagningu í gerð samnings við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um sk. skólanet og hvort samningagerðin hafi verið skaðleg fyrir samkeppni í skilningi 20. gr. samkeppnislaga. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2002 *Sementsverksmiðjan hf. gegn samkeppnisráði* segir:

*„Ein meginforsenda samkeppnisréttarins er að samkeppni milli fyrirtækja stuðli að betri nýtingu framleiðsluþátta og efnahagslegum framförum sem leiði m.a. til lægra verðs fyrir neytendur. Boð fyrirtækis, sem ekki er í markaðsráðandi stöðu, sem felur í sér lægra vöruverð er því almennt í samræmi við tilgang samkeppnisreglna en ekki andstæð honum. Í því sambandi verður og að telja eðlilegt að ný fyrirtæki á markaðnum færi ákveðnar fórnir í tiltekinn aðlögunartíma til að komast inn á markaðinn enda er 1. gr. samkeppnislaga beinlínis reist á slíkum forsendum. Áfrýjunarnefndin lítur [...] svo á að í vissum tilvikum geti engu að síður komið til beitingar 20. gr. samkeppnislaga einkum ef tilgangur viðkomandi fyrirtækis er í krafti sérstakra aðstæðna að raska óeðlilega þeirri samkeppni sem fyrir er á tilteknum markaði. [...] Af því leiðir að aðlögunartíminn getur ekki verið mjög langur. Það á sérstaklega við ef undirverðlagning er mikil.“*

Það er því ljóst að í máli því sem hér er til umfjöllunar verður samkeppnisráð í fyrsta lagi að meta hvort um undirverðlagningu hafi verið að ræða. Sé um undirverðlagningu að ræða verður ráðið í öðru lagi að taka afstöðu til hvort undirverðlagningin teljist mikil. Í þriðja lagi verður ráðið að kanna hvort tilgangur undirverðlagningarinnar hafi verið að raska óeðlilega samkeppni á hinum skilgreinda markaði. Þá verður í fjórða lagi að kanna aðstæður á markaði og kanna hvort þær séu sérstæðar í skilningi

úrskurðar nr. 12/2002 og meta í fimmta lagi í ljósi alls ofangreinds hvort aðlögunartíminn hafi verið of langur.

#### 4.1. Undirverðlagning

Af þeim gögnum sem Samkeppnisstofnun aflaði meðan á málsmeðferð stóð verður ráðið að verðlagning Línu.Nets fyrir uppbyggingu á skólaneti Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur hafi ekki falið í sér undirverðlagningu í skilningi samkeppnislaga. Ef bornar eru saman upplýsingar frá Línu.Neti um kostnað vegna skólanetsins og þess sem Fræðslumiðstöð Reykjavíkur greiðir fyrir netið kemur í ljós að tekjur Línu.Nets nægja bæði fyrir föstum og breytilegum kostnaði vegna rekstrar netsins. Vert er að geta þess að breytilegur kostnaður vegna rekstrarins er nær enginn. Nær allur kostnaður felst í því að leggja ljósleiðara í jörðu, en kostnaður við að leggja skólanetið var um [...] m.kr.<sup>5</sup> Önnur vinna, sbr. tengivinna innanhúss og uppsetning endabúnaðar var ekki innifalin í tilboði Línu.Nets, en sú vinna var unnin samkvæmt reikningi Línu.Nets. Eftir að ljósleiðarar hafa verið lagðir í jörðu er nær enginn kostnaður af þeim annar en afskriftir. Kostnaður Línu.Nets liggur að þessu loknu nær eingöngu í fjármagnskostnaði og afskriftum netsins en gert er ráð fyrir að afskrifa það á 25 árum. Upplýst er að tekjur Línu.Nets vegna notkunar á skólanetinu nægja fyrir þessum kostnaði, en þær nema [...] m.kr. á mánuði.<sup>6</sup> Samkeppnisráð hefur jafnframt fengið afhentar upplýsingar um átta aðra sambærilega samninga Línu.Nets við fyrirtæki og stofnanir. Samanburður við þessa samninga sýnir að samningur Línu.Nets við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur var ekki með öðrum kjörum en almennt gerist hjá fyrirtækinu. Jafnframt er ljóst að um meðalverð var að ræða í tilviki Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur en verð hjá Línu.Neti fyrir svipaða samninga eru frá [...] til [...] kr.pr. lengdarmetra af ljósleiðara en Fræðslumiðstöðin greiddi [...] kr. á lengdarmetra.<sup>7</sup>

#### 4.2. Önnur atriði

Samkeppnisráð hefur fengið afhentar ársskýrslur Línu.Nets fyrir árin 2000 og 2001. Upplýsingar úr þeim benda til þess að rekstur Línu.Nets verði jákvæður árið 2002. Hagnaður hefur verið af rekstri félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði bæði árin 2000 og 2001 en fyrirtækið hóf starfsemi 1999. Samkeppnisráð vísar einnig til þess að mat ráðsins byggist jafnframt á því að önnur skilyrði, sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur sett fyrir því að um brot gegn 20. gr. geti verið að ræða í þessu tilviki, eru ekki uppfyllt. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að tilgangurinn með tilboði Línu.Nets til Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur hafi verið að raska samkeppni á markaðnum. Jafnframt telur samkeppnisráð ekki að aðstæður á markaði geti talist sérstakar eða viðkvæmar í skilningi úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2002. Niðurstaða samkeppnisráðs í máli þessu er því sú að Lína.Net hafi ekki selt

<sup>5</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>6</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>7</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



þjónustu sína undir kostnaðarverði, eins og það er skilgreint í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2002 með vísan til 20. gr. samkeppnislaga, og því hafi fyrirtækið ekki brotið gegn lögnum

**IV.**  
**Ákvörðunarorð**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“**